


GUÐNÝ ZOËGA OG GUÐMUNDUR ST. SIGURÐARSON

SKAGFIRSKA KIRKJURANNSÓKNIN

Skagfirska kirkjurannsóknin hófst formlega 2008 á vegum Fornleifadeildar Bygðasafns Skagfirðinga. Upphaf hennar má rekja til heimildavinnu vegna sýningar um elstu kirkjur og kirkjustaði í Skagafirði árið 1999, en við þá vinnu kom í ljós mikill fjöldi kirkjustaða sem er getið um, bæði beint og óbeint, í ritheimildum. Á undanförunum árum hafa að auki nokkrir fornir grafreitir komið óvænt í ljós í héraðinu. Má þar helst nefna fund áður óþekkt kirkjugarðs og kumlateigs í Keldudal í Hegranesi sem varð í raun kveikjan að verkefninu. Hugmyndin að baki rannsókninni er að tengja saman beinar heimildir og vísbendingar sem hægt er að fá úr ritheimildum við þær niðurstöður sem fengist hafa með fornleifarannsóknunum, til að varpa ljósi á líklegan fjölda, dreifingu og gerð elstu kirkjugarða í héraðinu. Heiti rannsóknarinnar er að því leyti villandi að ekki er verið að leita að kirkjubyggingum eingöngu, heldur er helsti efniviðurinn grafreitir og grafir, bæði úr kristni og heiðni þótt áherslan sé á kristna grafreiti.

Kristnir grafreitir eru gott viðfang rannsókna fyrir ýmsar sakir. Þeir virðast oftast hafa verið hringlaga og skera sig því í útleti frá flestum öðrum mannvistarleifum. Auk þess virðist helgi oft hafa hvílt á gömlum grafreitum og jafnvel haldist áfram löngu eftir að vitneskjan um þá hefur tapast, en virðing fyrir slíkri helgi hefur sumstaðar orðið til þess að þeim hefur verið þyrmt við framkvæmdir fremur en öðrum byggðaleifum. Þá er kirkna og kirkjugarða oft getið í fornum heimildum, bæði máldögum og öðrum opinberum skjölum en auk þess myndast stundum um þá munnmælasögur þótt ritheimildir séu annars þöglugar um tilvist þeirra.



Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu 11.-12. aldar kirkjugarða sem rannsakaðir hafa verið í Skagafirði.


Munnmælasögur, lögun mannvirkja og óvæntir beinafundir verða svo stundum til þess að garðanna er getið í yngri heimildum eins og örnefnaskrá og byggðasögurum.

Nafn jarðar	11. öld	12. öld	13. öld	Elsta heimild
Ás í Hjaltadal ¹ (nú Neðri-Ás)	X			Kristni saga
Sauðá í Borgarsveit ²	X			Fornbréfasafn
Steinsstaðir í Tungusveit	X			Engin
Keldudalur í Hegranesi ³	X	X		Engin
Mið-Grund í Blönduhlíð	X	?		Jarðabók 1713
Garður í Hegranesi	X	X		Engin
Seyla á Langholti eldri grafreitir	X			Engin
Seyla á Langholti yngri grafreitir		X	?	Sturlunga
Hof í Hjaltadal ⁴			X	Engin
Skíðastaðir í Laxárdal	?	X		Fornbréfasafn

Tafla sem sýnir forna kirkjugarða sem fundist hafa og hafa verið rannsakaðir í Skagafirði.

Með því að tengja saman ritheimildir, munnmælasögur og vettvangs-rannsóknir er ætlunin að fá heildstæða mynd af kirkjustöðum í Skagafirði allt frá kristnitöku fram á okkar daga. Farið hefur verið ítarlega í gegnum Íslenskt fornbréfasafn og leitað í örnefnaskrár að vísbendingum um mannvirki og munnmæli tengd kirkjum og kirkjugörðum. Auk þess er stuðst við Íslendingasögur, Sturlungu og fjölmargar yngri ritheimildir auk heimildamanna. Niðurstöður fornleifarannsóknna bæði innan og utan héraðs liggja þó til grundvallar. Nú þegar hafa allnokkrar fornleifakannanir verið gerðar á þekktum og meintum kirkjustöðum í tengslum við rannsóknina og er ætlunin að gera fleiri slíkar með áherslu á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundi eða óljósari heimildir um tilvist grafreits. Í framhaldinu verða kannaðir nánar staðir sem urðu að sóknarkirkjustöðum með áherslu á sóknaskipan og breytingar á eignarhaldi jarða.

Rannsóknin gengur að miklu leyti út á að kanna hvernig nýta má mismunandi heimildir til að finna og staðsetja minjar af þessu tagi, en þekking á staðsetningu og dreifingu kirkna er grundvöllur þess að geta svarað spurningum á borð við: Hverjir byggðu fyrstu kirkjurnar eða gerðu fyrstu kirkjugarðana? Eru þeir ólíkir að gerð og stærð, hvar og hvernig voru þeir staðsettir, hverjir voru þar jarðaðir, hvað segja beinin okkur um samfélag og lífsviðurværi, hvaða garðar/kirkjur voru lagðar niður, hvaða bæir fengu að halda kirkju/grafarleyfi eftir að sóknarkirkjuskipanin komst



Mynd 1. Garður í Hegrænesi. Yfirlitsmynd af Hegrænesþingstað. Kringlótt garðlag sem reyndist kirkjugarður er neðarlega til vinstri á mynd. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.

á, hvar voru bænhúsin sett niður og hverjum þjónuðu þau? Allar þessar spurningar hafa víðari skírskotun í samfélagsskipanina og eru mikilvægar fyrir rannsóknir á þróun byggðar, valda og samfélags. Hér er ætlunin að kynna fyrstu niðurstöður fornleifarannsóknna á fornum kirkjustöðum en einungis verður fjallað um þá garða þar sem grafið hefur verið í tengslum við kirkjurannsóknina.

Efniviður og aðferðafræði

Komið hafa í ljós tíu kristnir grafreitir frá 11.–13. öld í Skagafirði á undanförunum árum sem sjá má í meðfylgjandi töflu (sjá bls. 97). Á tveimur þeirra, Ási í Hjaltadal og Keldudal í Hegrænesi hefur ítarleg fornleifarannsókn farið fram. Á Hofi í Hjaltadal og Sauða í Borgarsveit (Sauðárkróki) voru hlutar kirkjugarða rannsakaðir í tengslum við framkvæmdir en sex garðar hafa verið rannsakaðir sérstaklega með könnunarskurðum í tengslum við kirkjurannsóknina. Þeir eru á Steinsstöðum í Tungusveit, Mið-Grund í Blönduhlíð, Garði í Hegrænesi, Skíðastöðum í Laxárdal ytri og tveir á Seylu á Langholti.



Mynd 2. Grafir tveggja kvenna norðarlega í kirkjugarðinum í Garði í Hegranesi (Hegranesþingstað). Vísbendingar eru um kynskiptingu kirkjugarða í frumkristni, konur lágu norðan kirkju en karlar sunnan. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

Rannsóknir á stöðum þar sem vísbendingar eru um kirkjur og kirkjugarða hafa farið þannig fram að fyrst er farið á vettvang til að leita að og mæla upp grafreiti sem heimildir eru um en auk þess eru kannaðar aðrar minjar sem kunna að varpa ljósi á staðarval þessara grafreita. Má þar nefna túngarða, bæjarstæði, fornar leiðir og önnur elstu byggðamerki á jörðum. Þar sem nokkur vissa er fyrir því að grafreitir sé fundinn eru gerðir smærri könnunarskurðir. Þeir eru teknir í kirkjugarðsveggi þar sem þeir eru og inn í garðinn til að kanna hvort útlínur grafa komi fram. Ef ekki koma fram grafir við kirkjugarðsveggi er tekinn skurður innan garðs eða á svæði sem áætlað er að liggi innan garðs. Tilgangurinn er einungis að staðfesta hvort um grafreiti sé að ræða og hver aldur þeirra er og því er forðast að grafa í kirkjubyggingar eða flóknari mannvirkjaleifar. Þar sem slíkar minjar koma í ljós er hætt við gröft og skurður tekinn annarsstaðar. Þar sem grafir finnast er grafið niður í eina grafanna til að kanna hvort þar finnist bein og hver varðveisla þeirra sé.

Garður í Hegranesi

Austanvert á norðurhluta Hegraness er býlið Garður. Nafn þess kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar 1374⁵, og var jörðin metin 40 hundruð til forna en 20 hundruð við ritun jarðabókarinnar 1713.⁶ Í landi Garðs er víðfeðmt minjasvæði, rústir og garðlög sem talin eru leifar hins forna Hegranesþings. Rannsókn fór fram þar 2003 en þá gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifakönnun á staðnum í tengslum við rannsóknir á íslenskum þingstöðum.⁷ Grafið var í meinta búðartóft og kom í ljós að hún var reist stuttu eftir að gjóska úr Heklu féll árið 1104.⁸ Þá var einnig grafið í svokallaðan dómhring eða lögréttu⁹, hringlaga garðlag syðst á tóftasvæðinu. Í könnunarskurði innan hringins komu fram niðurgreftir sem líktust einna helst gröfum og komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að þarna væri líklega um fornan kirkjugarð að ræða¹⁰ en þeim gafst ekki tími til að staðfesta það með frekari uppgrefti.¹¹ Áður en rannsóknin fór fram 2003 var engin vitneskja eða grunur um tilvist kirkju eða kirkjugarðs í Garði né heldur í tengslum við þingstaðinn. Staðurinn var því mikilvægur fyrir skagfirsku kirkjurannsóknina, bæði bætir hann við þekkingu á staðsetningu og fjölda elstu kirkna og kirkjugarða en einnig við sögu þingstaðarins og túlkun þeirra minja sem þar er að finna.¹²


Rannsókn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga fór fram í júlí 2009. Til að valda sem minnstu raski voru skurðirnir sem Fornleifastofnun

Íslands hafði tekið 2003, innan við og í gegnum hringlaga garðlagið, opnaðir aftur. Fimm metrum innan kirkjugarðsveggjarins komu fram ummerki a.m.k. fjögurra grafa, þar á meðal gröf ungbarns. Tvær grafanna voru opnaðar og reyndust beinagrindur kvenna í þeim báðum. Grafirnar voru 70 og 90 sm djúpar, grafnar að hluta niður í fornan sjávar kamb. Þær virðast báðar hafa verið teknar eftir að gjóska úr Heklugosi 1104 féll. Hinsvegar virðist sú gjóska liggja á sínum stað yfir ungbarnsgröfinni og annarri gröf syðst í skurðinum.

Kirkjugarðurinn er hringlaga, um 25 metrar í þvermál og hefur kirkjugarðsveggurinn verið hlaðinn eftir 1104, undirstaða veggjarins er úr grjóti en garðurinn er annars úr torfi. Töluverð vinna hefur verið lögð í gerð grafreitsins en lítill náttúrulegur jarðvegur virðist hafa verið ofan á malarkambinum sem garðurinn stendur á og hefur torf verið lagt niður, að því er virðist til að hækka grafreitinn upp og slétta, bæði fyrir og eftir gjóskufallið 1104. Vera kann að hluti þessara torflaga sé leifar eldri kirkjugarðsveggjar og garðurinn sem nú sést á yfirborðinu (byggður eftir 1104) hafi þá verið hlaðinn umhverfis hinn eldri sem sléttað hafi verið úr. Torf sem lagt hefur verið niður í garðinn eftir 1104 lá yfir gröfunum og hefur líklega haft þann tilgang að slétta svæðið innan garðs. Óvíst er hvort það hefur verið gert á meðan garðurinn var enn í notkun eða eftir að hann var aflagður.

Seinni tíma túngarður liggur yfir norðurhluta kirkjugarðsins og virðist ekki í neinum tengslum við hann. Þegar rýnt er í svarthvíta loftmynd af þingstaðnum sjást óljósar leifar eldra garðlags innan hins, mögulega túngarður býlis sem kirkjugarðurinn hefur tilheyrð.¹³ Líkur eru til að þarna hafi verið býli á 11. öld þegar kirkjugarðurinn var gerður og þar hafi verið búið a.m.k. svo lengi sem jarðsett var í garðinn eða fram á 12. öld. Örnefnið Litli-Garður á við túngarðinn og mannvirki innan hans sem talin eru hafa tilheyrð seinni alda hjáleigu frá Garði. Tilvist kirkjugarðs á 11. og 12. öld bendir til að þar hafi varla verið hjáleiga eða afbýli og því má spyrja hvort þarna sé upphaflegt bæjarstæði Garðs eða hvort um áður óþekkt býli sé að ræða.

Tóft er í kirkjugarðinum miðjum og líkist mjög þeim tóftum sem eru á svæðinu og hafa verið túlkaðar sem búðatóftir. Tóftin virðist tvískipt og snúa norður-suður og því ekki í samræmi við það sem búast mætti við af kirkjutóft sem ætla mætti að lægi austur-vestur. Búðartóftin, sem grafið var í 2003, var þannig gerð að veggir hennar voru að grunni til hlaðnir úr grjóti og torfi. Þeir virtust mun þykkari á yfirborði en hinir eiginlegu veggir þar sem mokað hafði verið út úr tóftinni og mannvistarlög höfðu




Mynd 3. Yfirlitstekning sem sýnir elsta og yngra bæjarstæði Seylu og staðsetningu kirkjugarða.

hlaðist upp að veggjum hennar.¹⁴ Tóftin innan garðs er með svipuðum ummerkjum. Sé um búðartóft að ræða, sem hlaðin hefur verið á rústum kirkjunnar sem virðist hafa verið í notkun fram yfir 1104, er ljóst að þingað hefur verið í Garði eftir það. Hvort kirkjugarðurinn hafi þá gegnt einhverju hlutverki í þinghaldinu er hinsvegar ekki hægt að fullyrða.

Stóra-Seyla á Langholti

Seyla er gamalt höfuðból sem verið hefur í bændaeign í gegnum tíðina og þar hafa setið margir af fyrirmönnum Skagfirðinga.¹⁵ Seylu er fyrst getið í Sturlungu en þar segir frá því er Oddur Þórarinnsson sem veginn hafði verið í Geldingaholti var færður til greftrunar í Seylu árið 1255: „Menn Odds fluttu líkama hans upp til Seylu – ok grafinn þar síðan undir kirkjugarðinum, – en þó var engi gröftr at þeirri kirkju – og svá langt inn undir kirkjugarðinn“.¹⁶ Í Auðunarmáldaga frá 1318 segir að prestur frá Geldingaholti taki 4 merkur í leigu frá Seylu.¹⁷ Kirkjan hefur síðan líklega



Mynd 4. Jarðsjármynd sem sýnir hringlaga kirkjugarðsvegg á Stóru-Seylu, Langholti og útlínur lítillar kirkjubyggingar í miðju garðsins. Birt með leyfi Dr. Brian Damiata.

verið aflögð, því hennar er ekki getið þegar jörðin var seld um eða fyrir árið 1406.¹⁸ Bænhús var reist þar síðar og segir um það í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín; „Hjer er bænhús og tíðir veittar af prestinum á Glaumbæ, þegar heimamenn eru til sacramentis“.¹⁹ Bænhússins er einnig getið í sóknarlýsingu á 19. öld en þar segir að enn sjáist aurmál þess sunnanvert við bæinn.²⁰ Síðar var kirkjunni breytt í hesthús sem stóð fram á 20. öld. Kirkjan stóð á hóli er kallaður var Kirkjuhóll og sunnan og austan við hann var kirkjugarðurinn.²¹

Síðastliðin ár hafa umfangsmiklar fornleifarannsóknir farið fram á Seylu í tengslum við jarðsjár- og fornleifarannsóknir bandarískra sérfræðinga á vegum Bostonháskóla (Skagafjörður Archaeological Settlement Survey/ SASS). Hefur rannsóknin að stórum hluta farið fram á svæðinu frá Sauðárkróki að Varmahlíð, einkum á Langholti, og hefur töluverð ný vitneskja bæst við um elstu byggð þar. Til að mynda hafa fundist áður óþekkt bæjarstæði frá 10.–11. öld í Glaumbæ og á Seylu. Á Seylu fundust umfangsmiklar fornleifar í sléttuðu túni undir brekku neðan við þann stað þar sem bærinn stóð fram yfir miðja 20. öld. Engar heimildir eru til um

elstu byggð þar en fjöldi og gerð minja frá elstu tíð sem fundist hafa við fornleifarannsóknir undanfarinna ára benda til að þarna hafi verið stórbýli allt frá upphafi. Þar má finna um 30 metra langa skálabyggingu og aðrar byggingaleifar sem flestar eru frá því fyrir gjóskufallið 1104 sem bendir til að bærinn hafi verið fluttur upp á brekkubrúnina fyrir þann tíma.

Árið 2008 voru, í tengslum við kirkjurannsóknina, gerðar jarð-sjármælingar á svokölluðum Kirkjuhóli uppi á brekkubrúninni, hjá yngra bæjarstæðinu. Mælingarnar leiddu í ljós hringlaga garðlag, um 17 metra í þvermál, með tóft fyrir miðju.²² Þegar könnunarskurður var grafinn í þessar minjar kom fram kirkjugarðsveggur sem reistur var eftir 1104 og gröf barns sem einnig var tekin eftir 1104. Um 30 sm þykkt rótað torflag lá ofan á melnum en annars hefur verið grafið í melinn og grafarfyllingin innihélt grófa möl. Bein voru illa varðveitt, einungis komu fram útlínur höfuðkúpu og tennur. Beinín voru ekki fjarlægð. Óljóst gjóskulag, hugsanlega úr Heklugosi frá því um 1300, lá yfir garðinum. Yngri tóft er í miðjum garði og var þar skemma fram á 20. öld.

Það sem mest kom á óvart við rannsóknirnar 2009 var fundur annars kirkjugarðs um 80 metrum neðan hins garðsins og fimm metrum sunnan skálatóftarinnar á elsta bæjarstæðinu. Engin merki voru um þennan garð á yfirborði og kom hann fram við jarðsjármælingar. Kirkjugarðarnir virðast hafa verið nánast eins að gerð, báðir hringlaga og um 17 metrar í þvermál en sá efri hefur verið tekinn í notkun um eða rétt eftir 1104 en sá neðri var þakinn því gjóskulagi.

Í neðri garðinum var tekinn könnunarskurður syðst innan garðsveggjar og komu fram útlínur a.m.k. fjögurra grafa í honum. Ein grafanna var opnuð og kom þar upp vel varðveitt beinagrind karlmanns á 50 sm dýpi. Ekki var grafið í gegnum kirkjugarðsvegginn en hann virðist hafa verið markaður að innanverðu með einfaldri grjótröð en annars úr torfi. Innan garðs virðist svæðið hafa verið sléttað með torfi og var efst að finna 15 sm þykkt torflag sem grafirnar höfðu verið teknar í gegnum en annars hefur verið grafið í gegnum náttúruleg fokmoldarlög þar sem engin merki fundust um möl í grafarfyllingu eða botni grafar líkt og í efri garðinum.

Þegar bæjarstæðið var flutt hafa því kirkja og kirkjugarður flust með sem er mikilvæg heimild um staðsetningu og flutning kirkjugarða. Garðarnir tveir virðast ekki hafa verið í notkun á sama tíma og því óhætt að álykta að efri garðurinn hafi tekið við af þeim neðri fremur en að um tvö býli sé að ræða. Flutningur garðsins á síðari hluta 11. aldar eða í byrjun þeirrar 12. bendir til að menn hafi þá enn talið sér heimilt að grafa við eigin kirkjur frekar en að flytja lík að sóknarkirkjum.



Mynd 5. Útlínur grafa á Mið-Grund sjást glöggst á yfirborði þar sem þær hafa verið teknar ofan í árframburð og jökulmöl og grafarfyllingin er því gráleitari en jarðvegurinn umhverfis. Gardarnir voru oft hækkaðir og sléttaðir með því að leggja í þá torf og koma grafirnar glöggst í ljós þar sem grafarfyllingin hefur annan lit en torflagið. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

Reynt var að hrófla eins lítið við minjum á Seylu og mögulegt var en ljóst er að þarna er einstakur efniviður til frekari rannsókna. Eldri kirkjugarðurinn með gröfum og kirkju virðist óhreyfður og vel afmarkaður í tíma. Þarna er stutt niður á minjarnar og svæðið því auðgræft, jarðvegur moldarborinn og laus við mól. Varðveisla beina virtist einnig með ágætum.

Mið-Grund í Blönduhlíð

Bærinn Mið-Grund í Blönduhlíð var stórbýli til forna, talinn 60 hundruð að fornu mati. Engar samtímaheimildir eru til um kirkju á Mið-Grund en í Jarðabók Árna og Páls frá 1713 segir: „Bænhús hefur verið hér og húsið af fallið fyrir manna minni. Sést hér til tóftaleifa og kirkjugarðs“.²³



Mynd 6. Á Skíðastöðum var varðveisla beinagrindarinnar sem grafið var niður á með lélegra móti. Gröfin hafði verið tekin í grófan malarjarðveg og var grafarfyllingin með stórum steinhnullungum sem leitt hefur til lélegrar varðveislu beinanna. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

Þar kemur einnig fram bæjarnafnið Kirkjugrund. Vitneskja um garðinn virðist hafa glatast en hann kom óvænt í ljós þegar taka átti grunn að núverandi íbúðarhúsi. Hætt var við framkvæmdirnar við beinafundinn og nýr grunnur tekinn um 70 m norðar þar sem húsið stendur í dag.²⁴

Myndarlegur bæjarhóll er suðaustan íbúðarhússins og þar eru enn tóftarleifar gamla torfbæjarins sem stóð fram um 1970.²⁵ Fast vestan bæjartóftanna má sjá sporöskjulaga garðlag sem liggur að nokkru innan garðsins við íbúðarhúsið. Þvermál innan garðs frá norðri til suðurs er um 20 metrar en austurhlið garðsins lá undir hlaðvarpa gamla bæjarins og er óljósari. Ekki er hægt að fullyrða hvar bærinn hefur verið miðað við kirkjugarðinn en líklegt er að hann hafi staðið þar sem gamli bærinn stóð fram á 20. öld.

Fornleifarannsókn fór fram á staðnum sumarið 2009.²⁶ Einu merkin um kirkju voru dálítil upphækkun fyrir miðjum garði. Tveir skurðir voru teknir, annar í kirkjugarðsvegginn en hinn innan garðs. Kirkju-

garðsveggurinn var hlaðinn úr torfi og virðist gjóskan frá 1104 liggja að honum og að hluta yfir hann. Skurðurinn innan garðs var tekinn austan kirkjuupphækkunarinnar. Alls komu fram 10 grafir í skurðinum og lágu þær allar undir gjóskunni frá 1104 auk þess sem gjóska úr Heklu frá 1300 lá óhreyfð yfir garðinum. Ein gröf var opnuð og var í henni ágætlega varðveitt beinagrind konu. Í garðinum voru merki um tvö torflög, annað frá því fyrir 1104 en hitt frá því eftir þann tíma. Torfið hefur líklega verið borið í garðinn til að slétta úr honum en engin merki voru um mishæðir yfir gröfunum og lágu gjóskulögin slétt yfir garðinum.

Skíðastaðir í Laxárdal

Skíðastaða í Laxárdal er fyrst getið í fornbréfi frá 1354 en þar er fyrst getið um kirkju 1388 og var hún fjórðungskirkja.²⁷ Í heimild frá 1443²⁸ er svo getið um bænhús þar en þá var jörðin Reynistaðaklaustursjörð, talin 50 hundruð. Jarðabók Árna og Páls frá 1709–1713 segir: „Bænhús hefur hjer að fornu verið, er þó af fallið fyrir manna minni, sjest þó enn deili til kirkjugarðsleifa“.²⁹ Í sóknarlýsingu séra Björns Arnþórssonar 1840 segir hann að fyrst hafi kirkja verið reist á Skíðastöðum og flutt þaðan að Atlastöðum og þaðan í Hvamm þar sem sóknarkirkjan stendur nú.³⁰ Á fyrri hluta 20. aldar komu mannabein upp við framkvæmdir ofan núverandi bæjarstaðis á Skíðastöðum.³¹

Fornleifarannsókn fór fram á Skíðastöðum sumarið 2008.³² Teknir voru könnunarskurðir í meintan kirkjugarðsvegg og einnig innan garðs á nokkrum stöðum. Kirkjugarðsveggurinn er hlaðinn úr torfi sem hefur verið rist eftir 1104 en gjóskan frá 1300 virðist liggja upp að hrúni úr veggnum sem kann þá að hafa verið fallinn að hluta. Engin merki fundust um endurbyggingu garðsins. Garðurinn liggur í boga til vesturs eftir brekkubrún, út frá túngarðinum. Vera kann að hann hafi tengst túngarðinum frá upphafi en líklegra er að túngarðurinn hafi síðar verið lagður yfir kirkjugarðsvegginn að hluta, þar sem hann er mun jarðsokknari og óverulegri en túngarðurinn. Svo virðist sem svæðið innan garðs hafi verið um 20x20 m.

Yngri byggingaleifar eru víða innan garðs en þar sem þær komu fram var skurðnum lokað aftur. Í einum skurðanna komu fram útlínur grafar sem í var mjög gróf malarfylling. Hreinsað var upp úr gröfinni og kom þar í ljós illa varðveitt beinagrind ungrar konu. Ekki þótti forsvaranlegt að fjarlægja beinin vegna slæmrar varðveislu. Gröfin var um 20 metrum




Mynd 7. Yfirlit yfir svæðið þar sem kirkjugarðurinn á Steinsstöðum liggur. Mannabein fundust við framkvæmdir við hvítu tengistöðina sem sést vinstra megin vegar og liggur garðurinn að hluta undir veginn. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

norðan við kirkjugarðsvegginn og hefur því verið norðarlega í garðinum. Hún gæti því verið ein af yngstu gröfunum í garðinum sé reiknað með því að kirkjan hafi staðið fyrir miðju garðs og að fyrst hafi verið grafið upp við hana eins og víða hefur tíðkast. Gröfin var um 80 sm djúp og þar af voru 50 sm niður í melinn. Greinilegt var að gröfin hefur verið tekin í gegnum gjóskulagið frá 1104 en ofan þess var svo torflag með 1104-laginu í sem kann að vera samskonar uppfyllingarlag og fundist hefur í fleiri görðum. Þunnt lag af náttúrulegum jarðvegi lá á milli melsins og 1104-gjóskunnar og hefur garðurinn verið ærið torgræfur. Mölin í grafarfyllingunni var gróf auk þess sem beinagrindin lá beint ofan á möl og kann það að skýra lélega varðveislu hennar.

Steinsstaðir í Tungusveit

Jörðin Steinsstaðir í Tungusveit er landnámsjörð og þar bjó Hreiðar Ófeigsson samkvæmt Landnámabók.³³ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er getið um Steinsstaði ytri og Steinsstaði syðri, en þá er um sömu jörðina að ræða með jarðardýrleika 30 hundruð.³⁴ Þar var búið fram til 1943 en þá fór jörðin í eyði.³⁵



Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu 11.-12. aldar kirkjugarða sem rannsakaðir hafa verið í Skagafirði.


Munnmælasögur, lögun mannvirkja og óvæntir beinafundir verða svo stundum til þess að garðanna er getið í yngri heimildum eins og örnefnaskrá og byggðasögurum.

Nafn jarðar	11. öld	12. öld	13. öld	Elsta heimild
Ás í Hjaltadal ¹ (nú Neðri-Ás)	X			Kristni saga
Sauðá í Borgarsveit ²	X			Fornbréfasafn
Steinsstaðir í Tungusveit	X			Engin
Keldudalur í Hegranesi ³	X	X		Engin
Mið-Grund í Blönduhlíð	X	?		Jarðabók 1713
Garður í Hegranesi	X	X		Engin
Seyla á Langholti eldri grafreitir	X			Engin
Seyla á Langholti yngri grafreitir		X	?	Sturlunga
Hof í Hjaltadal ⁴			X	Engin
Skíðastaðir í Laxárdal	?	X		Fornbréfasafn

Tafla sem sýnir forna kirkjugarða sem fundist hafa og hafa verið rannsakaðir í Skagafirði.

Með því að tengja saman ritheimildir, munnmælasögur og vettvangs-rannsóknir er ætlunin að fá heildstæða mynd af kirkjustöðum í Skagafirði allt frá kristnitöku fram á okkar daga. Farið hefur verið ítarlega í gegnum Íslenskt fornbréfasafn og leitað í örnefnaskrár að vísbendingum um mannvirki og munnmæli tengd kirkjum og kirkjugörðum. Auk þess er stuðst við Íslendingasögur, Sturlungu og fjölmargar yngri ritheimildir auk heimildamanna. Niðurstöður fornleifarannsóknna bæði innan og utan héraðs liggja þó til grundvallar. Nú þegar hafa allnokkrar fornleifakannanir verið gerðar á þekktum og meintum kirkjustöðum í tengslum við rannsóknina og er ætlunin að gera fleiri slíkar með áherslu á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundi eða óljósari heimildir um tilvist grafreits. Í framhaldinu verða kannaðir nánar staðir sem urðu að sóknarkirkjustöðum með áherslu á sóknaskipan og breytingar á eignarhaldi jarða.

Rannsóknin gengur að miklu leyti út á að kanna hvernig nýta má mismunandi heimildir til að finna og staðsetja minjar af þessu tagi, en þekking á staðsetningu og dreifingu kirkna er grundvöllur þess að geta svarað spurningum á borð við: Hverjir byggðu fyrstu kirkjurnar eða gerðu fyrstu kirkjugarðana? Eru þeir ólíkir að gerð og stærð, hvar og hvernig voru þeir staðsettir, hverjir voru þar jarðaðir, hvað segja beinin okkur um samfélag og lífsviðurværi, hvaða garðar/kirkjur voru lagðar niður, hvaða bæir fengu að halda kirkju/grafarleyfi eftir að sóknarkirkjuskipanin komst



Mynd 1. Garður í Hegranesi. Yfirlitsmynd af Hegranesþingstað. Kringlótt garðlag sem reyndist kirkjugarður er neðarlega til vinstri á mynd. Ljósmynd: Hjalti Pálsson.

á, hvar voru bænhúsin sett niður og hverjum þjónuðu þau? Allar þessar spurningar hafa víðari skírskotun í samfélagsskipanina og eru mikilvægar fyrir rannsóknir á þróun byggðar, valda og samfélags. Hér er ætlunin að kynna fyrstu niðurstöður fornleifarannsóknna á fornum kirkjustöðum en einungis verður fjallað um þá garða þar sem grafið hefur verið í tengslum við kirkjurannsóknina.

Efniviður og aðferðafræði

Komið hafa í ljós tíu kristnir grafreitir frá 11.–13. öld í Skagafirði á undanförnum árum sem sjá má í meðfylgjandi töflu (sjá bls. 97). Á tveimur þeirra, Ási í Hjaltadal og Keldudal í Hegranesi hefur ítarleg fornleifarannsókn farið fram. Á Hofi í Hjaltadal og Sauða í Borgarsveit (Sauðárkróki) voru hlutar kirkjugarða rannsakaðir í tengslum við framkvæmdir en sex garðar hafa verið rannsakaðir sérstaklega með könnunarskurðum í tengslum við kirkjurannsóknina. Þeir eru á Steinsstöðum í Tungusveit, Mið-Grund í Blönduhlíð, Garði í Hegranesi, Skíðastöðum í Laxárdal ytri og tveir á Seylu á Langholti.



Mynd 2. Grafir tveggja kvenna norðarlega í kirkjugarðinum í Garði í Hegranesi (Hegranesþingstað). Vísbendingar eru um kynskiptingu kirkjugarða í frumkristni, konur lágu norðan kirkju en karlar sunnan. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

Rannsóknir á stöðum þar sem vísbendingar eru um kirkjur og kirkjugarða hafa farið þannig fram að fyrst er farið á vettvang til að leita að og mæla upp grafreiti sem heimildir eru um en auk þess eru kannaðar aðrar minjar sem kunna að varpa ljósi á staðarval þessara grafreita. Má þar nefna túngarða, bæjarstæði, fornar leiðir og önnur elstu byggðamerki á jörðum. Þar sem nokkur vissa er fyrir því að grafreitir sé fundinn eru gerðir smærri könnunarskurðir. Þeir eru teknir í kirkjugarðsveggi þar sem þeir eru og inn í garðinn til að kanna hvort útlínur grafa komi fram. Ef ekki koma fram grafir við kirkjugarðsveggi er tekinn skurður innan garðs eða á svæði sem áætlað er að liggi innan garðs. Tilgangurinn er einungis að staðfesta hvort um grafreiti sé að ræða og hver aldur þeirra er og því er forðast að grafa í kirkjubyggingar eða flóknari mannvirkjaleifar. Þar sem slíkar minjar koma í ljós er hætt við gröft og skurður tekinn annarsstaðar. Þar sem grafir finnast er grafið niður í eina grafanna til að kanna hvort þar finnist bein og hver varðveisla þeirra sé.

Garður í Hegranesi

Austanvert á norðurhluta Hegraness er býlið Garður. Nafn þess kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar 1374⁵, og var jörðin metin 40 hundruð til forna en 20 hundruð við ritun jarðabókarinnar 1713.⁶ Í landi Garðs er víðfeðmt minjasvæði, rústir og garðlög sem talin eru leifar hins forna Hegranesþings. Rannsókn fór fram þar 2003 en þá gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifakönnun á staðnum í tengslum við rannsóknir á íslenskum þingstöðum.⁷ Grafið var í meinta búðartóft og kom í ljós að hún var reist stuttu eftir að gjóska úr Heklu féll árið 1104.⁸ Þá var einnig grafið í svokallaðan dómhring eða lögréttu⁹, hringlaga garðlag syðst á tóftasvæðinu. Í könnunarskurði innan hringins komu fram niðurgreftir sem líktust einna helst gröfum og komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að þarna væri líklega um fornan kirkjugarð að ræða¹⁰ en þeim gafst ekki tími til að staðfesta það með frekari uppgrefti.¹¹ Áður en rannsóknin fór fram 2003 var engin vitneskja eða grunur um tilvist kirkju eða kirkjugarðs í Garði né heldur í tengslum við þingstaðinn. Staðurinn var því mikilvægur fyrir skagfirsku kirkjurannsóknina, bæði bætir hann við þekkingu á staðsetningu og fjölda elstu kirkna og kirkjugarða en einnig við sögu þingstaðarins og túlkun þeirra minja sem þar er að finna.¹²


Rannsókn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga fór fram í júlí 2009. Til að valda sem minnstu raski voru skurðirnir sem Fornleifastofnun

Íslands hafði tekið 2003, innan við og í gegnum hringlaga garðlagið, opnaðir aftur. Fimm metrum innan kirkjugarðsveggjarins komu fram ummerki a.m.k. fjögurra grafa, þar á meðal gröf ungbarns. Tvær grafanna voru opnaðar og reyndust beinagrindur kvenna í þeim báðum. Grafirnar voru 70 og 90 sm djúpar, grafnar að hluta niður í fornan sjávar kamb. Þær virðast báðar hafa verið teknar eftir að gjóska úr Heklugosi 1104 féll. Hinsvegar virðist sú gjóska liggja á sínum stað yfir ungbarnsgröfinni og annarri gröf syðst í skurðinum.

Kirkjugarðurinn er hringlaga, um 25 metrar í þvermál og hefur kirkjugarðsveggurinn verið hlaðinn eftir 1104, undirstaða veggjarins er úr grjóti en garðurinn er annars úr torfi. Töluverð vinna hefur verið lögð í gerð grafreitsins en lítill náttúrulegur jarðvegur virðist hafa verið ofan á malarkambinum sem garðurinn stendur á og hefur torf verið lagt niður, að því er virðist til að hækka grafreitinn upp og slétta, bæði fyrir og eftir gjóskufallið 1104. Vera kann að hluti þessara torflaga sé leifar eldri kirkjugarðsveggjar og garðurinn sem nú sést á yfirborðinu (byggður eftir 1104) hafi þá verið hlaðinn umhverfis hinn eldri sem sléttað hafi verið úr. Torf sem lagt hefur verið niður í garðinn eftir 1104 lá yfir gröfunum og hefur líklega haft þann tilgang að slétta svæðið innan garðs. Óvíst er hvort það hefur verið gert á meðan garðurinn var enn í notkun eða eftir að hann var aflagður.

Seinni tíma túngarður liggur yfir norðurhluta kirkjugarðsins og virðist ekki í neinum tengslum við hann. Þegar rýnt er í svarthvíta loftmynd af þingstaðnum sjást óljósar leifar eldra garðlags innan hins, mögulega túngarður býlis sem kirkjugarðurinn hefur tilheyrð.¹³ Líkur eru til að þarna hafi verið býli á 11. öld þegar kirkjugarðurinn var gerður og þar hafi verið búið a.m.k. svo lengi sem jarðsett var í garðinn eða fram á 12. öld. Örnefnið Litli-Garður á við túngarðinn og mannvirki innan hans sem talin eru hafa tilheyrð seinni alda hjáleigu frá Garði. Tilvist kirkjugarðs á 11. og 12. öld bendir til að þar hafi varla verið hjáleiga eða afbýli og því má spyrja hvort þarna sé upphaflegt bæjarstæði Garðs eða hvort um áður óþekkt býli sé að ræða.

Tóft er í kirkjugarðinum miðjum og líkist mjög þeim tóftum sem eru á svæðinu og hafa verið túlkaðar sem búðatóftir. Tóftin virðist tvískipt og snúa norður-suður og því ekki í samræmi við það sem búast mætti við af kirkjutóft sem ætla mætti að lægi austur-vestur. Búðartóftin, sem grafið var í 2003, var þannig gerð að veggir hennar voru að grunni til hlaðnir úr grjóti og torfi. Þeir virtust mun þykkari á yfirborði en hinir eiginlegu veggir þar sem mokað hafði verið út úr tóftinni og mannvistarlög höfðu




Mynd 3. Yfirlitstekning sem sýnir elsta og yngra bæjarstæði Seylu og staðsetningu kirkjugarða.

hlaðist upp að veggjum hennar.¹⁴ Tóftin innan garðs er með svipuðum ummerkjum. Sé um búðartóft að ræða, sem hlaðin hefur verið á rústum kirkjunnar sem virðist hafa verið í notkun fram yfir 1104, er ljóst að þingað hefur verið í Garði eftir það. Hvort kirkjugarðurinn hafi þá gegnt einhverju hlutverki í þinghaldinu er hinsvegar ekki hægt að fullyrða.

Stóra-Seyla á Langholti

Seyla er gamalt höfuðból sem verið hefur í bændaeign í gegnum tíðina og þar hafa setið margir af fyrirmönnum Skagfirðinga.¹⁵ Seylu er fyrst getið í Sturlungu en þar segir frá því er Oddur Þórarinnsson sem veginn hafði verið í Geldingaholti var færður til greftrunar í Seylu árið 1255: „Menn Odds fluttu líkama hans upp til Seylu – ok grafinn þar síðan undir kirkjugarðinum, – en þó var engi gröftr at þeirri kirkju – og svá langt inn undir kirkjugarðinn“.¹⁶ Í Auðunarmáldaga frá 1318 segir að prestur frá Geldingaholti taki 4 merkur í leigu frá Seylu.¹⁷ Kirkjan hefur síðan líklega



Mynd 4. Jarðsjármynd sem sýnir hringlaga kirkjugarðsvegg á Stóru-Seylu, Langholti og útlínur lítillar kirkjubyggingar í miðju garðsins. Birt með leyfi Dr. Brian Damiata.

verið aflögð, því hennar er ekki getið þegar jörðin var seld um eða fyrir árið 1406.¹⁸ Bænhús var reist þar síðar og segir um það í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín; „Hjer er bænhús og tíðir veittar af prestinum á Glaumbæ, þegar heimamenn eru til sacramentis“.¹⁹ Bænhússins er einnig getið í sóknarlýsingu á 19. öld en þar segir að enn sjáist aurmál þess sunnanvert við bæinn.²⁰ Síðar var kirkjunni breytt í hesthús sem stóð fram á 20. öld. Kirkjan stóð á hóli er kallaður var Kirkjuhóll og sunnan og austan við hann var kirkjugarðurinn.²¹

Síðastliðin ár hafa umfangsmiklar fornleifarannsóknir farið fram á Seylu í tengslum við jarðsjár- og fornleifarannsóknir bandarískra sérfræðinga á vegum Bostonháskóla (Skagafjörður Archaeological Settlement Survey/ SASS). Hefur rannsóknin að stórum hluta farið fram á svæðinu frá Sauðárkróki að Varmahlíð, einkum á Langholti, og hefur töluverð ný vitneskja bæst við um elstu byggð þar. Til að mynda hafa fundist áður óþekkt bæjarstæði frá 10.–11. öld í Glaumbæ og á Seylu. Á Seylu fundust umfangsmiklar fornleifar í sléttuðu túni undir brekku neðan við þann stað þar sem bærinn stóð fram yfir miðja 20. öld. Engar heimildir eru til um

elstu byggð þar en fjöldi og gerð minja frá elstu tíð sem fundist hafa við fornleifarannsóknir undanfarinna ára benda til að þarna hafi verið stórbýli allt frá upphafi. Þar má finna um 30 metra langa skálabyggingu og aðrar byggingaleifar sem flestar eru frá því fyrir gjóskufallið 1104 sem bendir til að bærinn hafi verið fluttur upp á brekkubrúnina fyrir þann tíma.

Árið 2008 voru, í tengslum við kirkjurannsóknina, gerðar jarðsjármælingar á svokölluðum Kirkjuhóli uppi á brekkubrúninni, hjá yngra bæjarstæðinu. Mælingarnar leiddu í ljós hringlaga garðlag, um 17 metra í þvermál, með tóft fyrir miðju.²² Þegar könnunarskurður var grafinn í þessar minjar kom fram kirkjugarðsveggur sem reistur var eftir 1104 og gröf barns sem einnig var tekin eftir 1104. Um 30 sm þykkt rótað torflag lá ofan á melnum en annars hefur verið grafið í melinn og grafarfyllingin innihélt grófa möl. Bein voru illa varðveitt, einungis komu fram útlínur höfuðkúpu og tennur. Beinín voru ekki fjarlægð. Óljóst gjóskulag, hugsanlega úr Heklugosi frá því um 1300, lá yfir garðinum. Yngri tóft er í miðjum garði og var þar skemma fram á 20. öld.

Það sem mest kom á óvart við rannsóknirnar 2009 var fundur annars kirkjugarðs um 80 metrum neðan hins garðsins og fimm metrum sunnan skálatóftarinnar á elsta bæjarstæðinu. Engin merki voru um þennan garð á yfirborði og kom hann fram við jarðsjármælingar. Kirkjugarðarnir virðast hafa verið nánast eins að gerð, báðir hringlaga og um 17 metrar í þvermál en sá efri hefur verið tekinn í notkun um eða rétt eftir 1104 en sá neðri var þakinn því gjóskulagi.

Í neðri garðinum var tekinn könnunarskurður syðst innan garðsveggjar og komu fram útlínur a.m.k. fjögurra grafa í honum. Ein grafanna var opnuð og kom þar upp vel varðveitt beinagrind karlmanns á 50 sm dýpi. Ekki var grafið í gegnum kirkjugarðsvegginn en hann virðist hafa verið markaður að innanverðu með einfaldri grjótröð en annars úr torfi. Innan garðs virðist svæðið hafa verið sléttað með torfi og var efst að finna 15 sm þykkt torflag sem grafirnar höfðu verið teknar í gegnum en annars hefur verið grafið í gegnum náttúruleg fokmoldarlög þar sem engin merki fundust um möl í grafarfyllingu eða botni grafar líkt og í efri garðinum.

Þegar bæjarstæðið var flutt hafa því kirkja og kirkjugarður flust með sem er mikilvæg heimild um staðsetningu og flutning kirkjugarða. Garðarnir tveir virðast ekki hafa verið í notkun á sama tíma og því óhætt að álykta að efri garðurinn hafi tekið við af þeim neðri fremur en að um tvö býli sé að ræða. Flutningur garðsins á síðari hluta 11. aldar eða í byrjun þeirrar 12. bendir til að menn hafi þá enn talið sér heimilt að grafa við eigin kirkjur frekar en að flytja lík að sóknarkirkjum.



Mynd 5. Útlínur grafa á Mið-Grund sjást glöggst á yfirborði þar sem þær hafa verið teknar ofan í árframburð og jökulmöl og grafarfyllingin er því gráleitari en jarðvegurinn umhverfis. Gardarnir voru oft hækkaðir og sléttaðir með því að leggja í þá torf og koma grafirnar glöggst í ljós þar sem grafarfyllingin hefur annan lit en torflagið. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

Reynt var að hrófla eins lítið við minjum á Seylu og mögulegt var en ljóst er að þarna er einstakur efniviður til frekari rannsókna. Eldri kirkjugarðurinn með gröfum og kirkju virðist óhreyfður og vel afmarkaður í tíma. Þarna er stutt niður á minjarnar og svæðið því auðgræft, jarðvegur moldarborinn og laus við mól. Varðveisla beina virtist einnig með ágætum.

Mið-Grund í Blönduhlíð

Bærinn Mið-Grund í Blönduhlíð var stórbýli til forna, talinn 60 hundruð að fornu mati. Engar samtímaheimildir eru til um kirkju á Mið-Grund en í Jarðabók Árna og Páls frá 1713 segir: „Bænhús hefur verið hér og húsið af fallið fyrir manna minni. Sést hér til tóftaleifa og kirkjugarðs“.²³



Mynd 6. Á Skíðastöðum var varðveisla beinagrindarinnar sem grafið var niður á með lélegra móti. Gröfin hafði verið tekin í grófan malarjarðveg og var grafarfyllingin með stórum steinhnullungum sem leitt hefur til lélegrar varðveislu beinanna. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

Þar kemur einnig fram bæjarnafnið Kirkjugrund. Vitneskja um garðinn virðist hafa glatast en hann kom óvænt í ljós þegar taka átti grunn að núverandi íbúðarhúsi. Hætt var við framkvæmdirnar við beinafundinn og nýr grunnur tekinn um 70 m norðar þar sem húsið stendur í dag.²⁴

Myndarlegur bæjarhóll er suðaustan íbúðarhússins og þar eru enn tóftarleifar gamla torfbæjarins sem stóð fram um 1970.²⁵ Fast vestan bæjartóftanna má sjá sporöskjulaga garðlag sem liggur að nokkru innan garðsins við íbúðarhúsið. Þvermál innan garðs frá norðri til suðurs er um 20 metrar en austurhlið garðsins lá undir hlaðvarpa gamla bæjarins og er óljósari. Ekki er hægt að fullyrða hvar bærinn hefur verið miðað við kirkjugarðinn en líklegt er að hann hafi staðið þar sem gamli bærinn stóð fram á 20. öld.

Fornleifarannsókn fór fram á staðnum sumarið 2009.²⁶ Einu merkin um kirkju voru dálítil upphækkun fyrir miðjum garði. Tveir skurðir voru teknir, annar í kirkjugarðsvegginn en hinn innan garðs. Kirkju-

garðsveggurinn var hlaðinn úr torfi og virðist gjóskan frá 1104 liggja að honum og að hluta yfir hann. Skurðurinn innan garðs var tekinn austan kirkjuupphækkunarinnar. Alls komu fram 10 grafir í skurðinum og lágu þær allar undir gjóskunni frá 1104 auk þess sem gjóska úr Heklu frá 1300 lá óhreyfð yfir garðinum. Ein gröf var opnuð og var í henni ágætlega varðveitt beinagrind konu. Í garðinum voru merki um tvö torflög, annað frá því fyrir 1104 en hitt frá því eftir þann tíma. Torfið hefur líklega verið borið í garðinn til að slétta úr honum en engin merki voru um mishæðir yfir gröfunum og lágu gjóskulögin slétt yfir garðinum.

Skíðastaðir í Laxárdal

Skíðastaða í Laxárdal er fyrst getið í fornbréfi frá 1354 en þar er fyrst getið um kirkju 1388 og var hún fjórðungskirkja.²⁷ Í heimild frá 1443²⁸ er svo getið um bænhús þar en þá var jörðin Reynistaðaklaustursjörð, talin 50 hundruð. Jarðabók Árna og Páls frá 1709–1713 segir: „Bænhús hefur hjer að fornu verið, er þó af fallið fyrir manna minni, sjest þó enn deili til kirkjugarðsleifa“.²⁹ Í sóknarlýsingu séra Björns Arnþórssonar 1840 segir hann að fyrst hafi kirkja verið reist á Skíðastöðum og flutt þaðan að Atlastöðum og þaðan í Hvamm þar sem sóknarkirkjan stendur nú.³⁰ Á fyrri hluta 20. aldar komu mannabein upp við framkvæmdir ofan núverandi bæjarstaðis á Skíðastöðum.³¹

Fornleifarannsókn fór fram á Skíðastöðum sumarið 2008.³² Teknir voru könnunarskurðir í meintan kirkjugarðsvegg og einnig innan garðs á nokkrum stöðum. Kirkjugarðsveggurinn er hlaðinn úr torfi sem hefur verið rist eftir 1104 en gjóskan frá 1300 virðist liggja upp að hrúni úr veggnum sem kann þá að hafa verið fallinn að hluta. Engin merki fundust um endurbyggingu garðsins. Garðurinn liggur í boga til vesturs eftir brekkubrún, út frá túngarðinum. Vera kann að hann hafi tengst túngarðinum frá upphafi en líklegra er að túngarðurinn hafi síðar verið lagður yfir kirkjugarðsvegginn að hluta, þar sem hann er mun jarðsokknari og óverulegri en túngarðurinn. Svo virðist sem svæðið innan garðs hafi verið um 20x20 m.

Yngri byggingaleifar eru víða innan garðs en þar sem þær komu fram var skurðnum lokað aftur. Í einum skurðanna komu fram útlínur grafar sem í var mjög gróf malarfylling. Hreinsað var upp úr gröfinni og kom þar í ljós illa varðveitt beinagrind ungrar konu. Ekki þótti forsvaranlegt að fjarlægja beinin vegna slæmrar varðveislu. Gröfin var um 20 metrum



Mynd 7. Yfirlit yfir svæðið þar sem kirkjugarðurinn á Steinsstöðum liggur. Mannabein fundust við framkvæmdir við hvítu tengistöðina sem sést vinstra megin vegar og liggur garðurinn að hluta undir veginn. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

norðan við kirkjugarðsvegginn og hefur því verið norðarlega í garðinum. Hún gæti því verið ein af yngstu gröfunum í garðinum sé reiknað með því að kirkjan hafi staðið fyrir miðju garðs og að fyrst hafi verið grafið upp við hana eins og víða hefur tíðkast. Gröfin var um 80 sm djúp og þar af voru 50 sm niður í melinn. Greinilegt var að gröfin hefur verið tekin í gegnum gjóskulagið frá 1104 en ofan þess var svo torflag með 1104-laginu í sem kann að vera samskonar uppfyllingarlag og fundist hefur í fleiri görðum. Þunnt lag af náttúrulegum jarðvegi lá á milli melsins og 1104-gjóskunnar og hefur garðurinn verið ærið torgræfur. Mölin í grafarfyllingunni var gróf auk þess sem beinagrindin lá beint ofan á möl og kann það að skýra lélega varðveislu hennar.

Steinsstaðir í Tungusveit

Jörðin Steinsstaðir í Tungusveit er landnámsjörð og þar bjó Hreiðar Ófeigsson samkvæmt Landnáabók.³³ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er getið um Steinsstaði ytri og Steinsstaði syðri, en þá er um sömu jörðina að ræða með jarðardýrleika 30 hundruð.³⁴ Þar var búið fram til 1943 en þá fór jörðin í eyði.³⁵

Árið 1995 komu upp mannabein þegar verið var að leggja rafmagnsleiðslu að sumarbústað í landi Steinsstaða. Fornleifafræðingur frá Þjóðminjasafni Íslands kom á staðinn og staðfesti að um fornan kristinn grafreit var að ræða en frekari rannsókn var ekki gerð á staðnum.³⁶ Engar ritaðar heimildir eru til um grafreit eða kirkju á Steinsstöðum. Sumarið 2008 fór fram fornleifakönnun á vegum Fornleifadeildar Byggyðasafns Skagfirðinga til að staðfesta að um kirkjugarð væri að ræða og til að reyna að fá fram frekari aldur hans.³⁷

Opnað var svæði rétt austan vegar þar sem beinin höfðu fundist. Skammt undir yfirborði kom fram Heklugjóska frá 1300 en engin merki mannvistar voru ofan hennar. Um 20 sm neðan hennar lá svo gjóska frá 1104 óhreyfð yfir öllu svæðinu. Á milli gjóskulaganna voru óljós merki mannvistar en undir 1104-gjóskunni virtist nokkurra sentímetra óhreyft fokmoldarlag. Neðan þess komu svo fram útlínur tveggja grafa, gröf fullorðins einstaklings og barnsgröf. Gröf ungbarnsins var opnuð fyrst en beinin voru illa farin og því ekki hreyft við þeim. Bein fullorðins karlmanns sem fundust í hinni gröfinni voru hinsvegar mjög vel varðveitt. Engin mól var í grafarfyllingum en grafirnar voru teknar í gegnum þykk mannvistarlög, torf-, rusla- og gólfög, líklega leifar íveruhúss eða skála. Grafirnar voru um 80 sm að dýpt og hefur verið grafið niður að jökulmól en ekki í hana. Eftu 10 sm var annarskonar torf en í skálabyggingunni og virtist um samskonar uppfyllingarlag að ræða og fundist hefur í fleiri kirkjugörðum.

Engin ummerki voru um garðhleðslu á yfirborði og enginn vottur kirkjugarðsveggjar. Hinsvegar fundust veggjaleifar rétt undir grasrót um 5 metrum norðan grafanna en þar virtist geta verið um yngri minjar að ræða. Stoðarhola fannst að auki rétt sunnan karlmannsgrafarinnar og getur hún verið hluti kirkjubyggingar, en samskonar niðurgrafnar stoðir fundust í kirkjunni sem grafin var upp í kirkjugarðinum í Keldudal í Hegranesi.³⁸ Stoðarholan kann hinsvegar einnig að hafa tilheyrt skálabyggingunni. Þunnt móöskulag og mögulega leifar gólfags voru í slitrum umhverfis stoðarholuna og önnur hugsanleg stoðarhola var í sniði nyrst á svæðinu, norðan karlmannsgrafarinnar. Hvort sem þarna er um að ræða leifar af skálabyggingunni eða öðru mannvirki er ljóst að byggingin hefur verið aflögð áður en gjóska frá 1104 féll. Óljós merki mannvistar var að finna milli gjóskulaganna frá 1104 og 1300 sem bendir til að mannabústaður hafi verið í nágrenninu en ummerkin eru of óveruleg til þess að þarna hafi bæjarstæðið sjálft getað verið. Hinsvegar voru lítil merki um mannvist undir gjóskunni frá 1104 ofan við kirkjugarðinn sjálfan. Hugsanlega hefur

byggð lagst af á Steinsstöðum einhvern tímann á 11. öld en sennilegra er að bærinn hafi verið færður úr stað um það leyti.

Ljóst er að snemma hefur verið búið á Steinsstöðum. Miðað við afstöðu gjóskulaga hefur skálinn verið í notkun á 10. öld sem rímar vel við heimildir Landnámu. Farið hefur verið að jarðsetja í garðinn snemma á 11. öld, jafnvel fyrr, en vísbendingar eru um að hluti kirkjugarðsins hafi verið aflagður eða sléttaður nokkru áður en gjóskan frá 1104 féll.

Umfjöllun

Hér hefur einungis verið fjallað um sex kirkjugarða af tíu sem fundist hafa í Skagafirði á síðustu árum og er áherslan á garða sem fundist hafa eða fengist staðfestir í gegnum skagfirsku kirkjurannsóknina. Rannsóknin hefur leitt ýmislegt forvitnilegt í ljós. Svo virðist sem skipulag elstu kirkjugarða hafi verið komið í nokkuð fastar skordur mjög snemma á 11. öld sem bendir til að menn hafi þegar við kristnitökuna þekkt til fastmótaðrar kristinnar byggingarhefðar og kristinna grafsiða. Kirkjugarðsveggir hafa fundist á öllum stöðunum nema á Steinsstöðum og eru þeir hringlaga eða sporöskjulaga, að mestu úr torfi og á bilinu 15–25 metrar í þvermál. Stærsti garðurinn reyndist vera í Garði í Hegranesi, um 25 metrar í þvermál og það var jafnframt eini garðurinn þar sem grjót fannst í undirstöðum veggja. Á þremur staðanna, Garði, Skíðastöðum og yngri Seylugarðinum eru engin eða óljós merki um kirkjugarðsvegg fyrir 1104. Í Garði og á Skíðastöðum kunna kirkjugarðsveggirnir sem grafið var í að vera frá seinni tíma stækkun garðanna en í báðum tilfellum fundust grafir frá því fyrir 1104 í gördunum. Á Mið-Grund og eldra kirkjugarðinum á Seylu eru sjálfir kirkjugarðsveggirnir hins vegar eldri en 1104 og engin merki um endurbyggingu eftir þann tíma.

Á Steinsstöðum, Mið-Grund og eldra Seylugarðinum liggur gjóskan frá 1104 óhreyfð yfir gröfunum sem skoðaðar voru en á Skíðastöðum, í yngri Seylugarðinum og í hluta grafanna í Garði er gjóskuna að finna í grafarfyllingu. Þar sem gjóskan liggur óhreyfð yfir er hún slétt en engin merki fundust um leiðisþúfur eða bungumyndanir yfir neinum grafanna. Einnig virðist hafa verið sléttað í gördunum með því að bera í þá torf og mátti sumstaðar greina fleiri en eitt slíkt torflag. Skammt var niður á mel í nokkrum garðanna og hafa þessi uppfyllingarlög því að líkindum haft þann tilgang að gera garðana auðgræfari og má greina útlínur grafanna í yfirborði þessara laga. Á Mið-Grund og í Garði fundust hinsvegar merki

um samskonar torflög sem lögð hafa verið ofan á eldri grafir og bendir það til að stundum hafi verið sléttað og fyllt upp í garðana oftar en einu sinni. Erfitt er að ímynda sér að þessi uppfyllingarlög hafi verið sett niður án þess að garðurinn væri afmarkaður á einhvern hátt en þar sem grafið hefur verið út fyrir kirkjugarðsveggina hefur þessi lög ekki verið að finna. Það má því ætla að margir garðanna hafi verið afmarkaðir með veggjum frá upphafi. Því er ljóst að mikið hefur verið lagt í þessa garða og útlit þeirra en allsendis óvíst er hvernig leiðin hafa verið merkt þar sem það virðist hafa verið sléttað úr þeim. Engin merki um minningarmörk hafa fundist við rannsóknina. Grafirnar hljóta þó að hafa verið afmarkaðar á einhvern hátt þar sem grafir virðast sjaldan skarast sem bendir til að menn hafi þekkt til staðsetningar þeirra.

Í kirkjugarðinum í Keldudal, sem segja má að sé upphafið að rannsókninni, komu fram leifar timburkirkju fyrir miðjum garði. Þétt hefur verið grafið umhverfis kirkjuna en einungis ein barnsgröf hefur fundist undir vegg eða innan hennar sem bendir til að hún hafi verið reist fljótlega eftir að garðurinn var gerður. Ekki hafa enn verið rannsakaðar kirkjuleifar í öðrum gördum en vísbendingar fundust í jarðsjármælingum um kirkju í báðum kirkjugörðum á Seylu og er önnur þeirra aflögð fyrir 1104. Einnig benti þúst fyrir miðju garðs á Mið-Grund til kirkju. Hafi margar elstu kirkjur, líkt og í Keldudal, eingöngu verið úr timbri kunna ummerki þeirra á yfirborði að vera óveruleg. Kirkjur virðast því vera í flestum garðanna þó að ekki sé loku fyrir það skotið að kirkjulausir grafreitir kunni að fyrirfinnast.

Grafarumbúnaður er með líku móti á öllum stöðum, einfaldar grafir, oftast kistulausar, þar sem líkið hefur verið lagt í eftir kristnum formerkjum með höfuð í vestur og hendur oftast niður með síðum eða yfir lífbein, líkt og þekkt er úr elstu kristni. Engin merki um trékistur fundust í gördunum sex en ummerki þeirra kunna þó að vera horfin, sem er merkilegt miðað við Keldudalskirkjugarð þar sem flestir höfðu verið kistulagðir. Hvergi fundust merki um sambland heiðinna og kristinna grafsiða í gördunum eða um tilvist garða utan heimatúna í námunda við heiðna greftrunarstaði.

Þar sem hægt er að fullyrða um tengsl bæja og kirkjugarða virðast garðarnir hafa verið á bæjarstæðunum, oft mjög nærri bæjarhúsum. Tveir garðanna sex sem hér um ræðir tengjast beint færslu bæjarstæða eða tilfærslu á bæjarhúsum innan bæjarstæða. Á Seylu eru merki um flutning garðs um leið og bæjarstæðið er flutt ofar í landið. Á Steinsstöðum liggur garðurinn ofan á eldri íveruhúsum eins og kirkjugarðurinn í Keldudal. Tilfærsla kirkjugarðsins á Seylu bendir til að um 1100 hafi menn talið

Það fyrirhafnarinnar virði að endurgera garð og kirkju þegar bærinn var fluttur. Það er vísbending um að menn hafi þá ekki talið skylt að grafa lík að sóknarkirkju eða að þær hafi ekki verið komnar. Þetta kann einnig að endurspeglast annarsstaðar þar sem merki eru um að garðar hafi verið stækkaðir eða endurhlaðnir í byrjun 12. aldar. Dæmið frá Seylu bendir til að tilfærsla kirkjugarða innan sömu jarðarinnar eða við bæina sjálfa kunni að hafa verið algengari en áður hefur verið talið. Þegar ályktanir eru dregnar um upphaf og notkunartíma kirkjugarða út frá rannsóknnum á kirkjugarðsleifum verður að taka með í reikninginn að um fleiri garða en einn kunni að vera að ræða.

Lokaorð

Frumniðurstöður rannsóknarinnar benda til að flestir sjálfstæðir bærir í Skagafirði hafi á 11. öld haft eigin grafreit og að um og eftir aldamótin 1100 hafi menn enn verið að grafa í heimiliskirkjugarðana en greftrun í þeim flestum virðist leggjast af á 12. öld. Ekki er ólíklegt að það tengist stofnun Hólastóls 1106 en í framhaldi af því eflist mjög kirkjuvald í héraði og skipulag kirkjunnar hefur væntanlega farið í fastari skorður með tilkomu sóknarkirknanna.

Hér hefur einungis verið tæpt á helstu niðurstöðum fornleifarannsóknna síðastliðinna tveggja ára og því um frumniðurstöður að ræða. Rannsókninni er langt í frá lokið og stendur nú yfir frekari úrvinnsla gagna. Það er von rannsakenda að verkefnið verði grundvöllur frekari rannsókna og að niðurstöðurnar komi til með að nýtast þeim sem stunda rannsóknir á skyldum fræðasviðum. Verkefnið hefur hlotið styrk frá Fornleifasjóði og Menningarráði Norðurlands vestra.

Tilvitnanir

- 1 Orri Vésteinsson 1998.
- 2 Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl 2000.
- 3 Guðný Zoëga 2008 og 2009.
- 4 Guðmundur Ólafsson 1984, bls. 117-133.
- 5 *Íslenskt fornbréfasafn* III, bls. 408.
- 6 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 9. bindi, bls. 63.
- 7 Adolf Friðriksson (ritstj.) 2004.
- 8 Sama heimild, bls. 53.
- 9 Nefnt svo m.a. í örnefnaskrá Garðs, bls. 3 og grein Sigurðar Vigfússonar í *Árbók Fornleifafélagsins* 1892, bls. 110-117.

- 10 Adolf Friðriksson (ritstj.) 2004, bls. 48.
- 11 Sama heimild, bls. 48.
- 12 Frekari umfjöllun má finna í framvinduskýrslu um uppgröftinn, BSk. 2009/95.
- 13 Leyfið til rannsóknar í Garði einskorðaðist við kirkjugarðinn og því var ekki mögulegt að svo stöddu að aldursgreina túngarðinn til að skera úr um hvort hann væri samtíða kirkjugarðinum.
- 14 Adolf Friðriksson (ritstj.) 2004, bls. 50.
- 15 Hjalti Pálsson 2001, bls. 305.
- 16 *Sturlunga saga* I, bls. 516.
- 17 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 467.
- 18 Hjalti Pálsson 2001, bls. 306.
- 19 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 9. bindi, bls. 90.
- 20 *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 66.
- 21 Hjalti Pálsson 2001, bls. 307.
- 22 Frekari umfjöllun um uppgröftinn er að finna í framvinduskýrslu um kirkjurannsóknina, BSk2009/95.
- 23 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 9. bindi, bls. 184.
- 24 Hjalti Pálsson 2007, bls. 177.
- 25 Sama heimild, bls. 177.
- 26 Frekari umfjöllun er að finna í framvinduskýrslu um kirkjurannsóknina, BSk2009/95.
- 27 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 426. Kemur fyrir í jarðaskiptabréfi. Skipti gerð á Hellulandi og Ásgrímstöðum á Hegranesi fyrir Skíðastaði. Í bréfinu er Skíðastaðakirkja ýmist kölluð fjórðungskirkja eða bænhús.
- 28 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 643.
- 29 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 9. bindi, bls. 25.
- 30 *Sýslu- og sóknalýsingar*, bls. 17.
- 31 Hjalti Pálsson 1999, bls. 160.
- 32 Frekari umfjöllun er að finna í framvinduskýrslu um kirkjurannsóknina, BSk2009/91.
- 33 *Landnámabók. Íslenzk fornrit* I, bls. 232–233.
- 34 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 9. bindi, bls. 137–138.
- 35 Katrín Gunnarsdóttir 2000, bls. 4–5.
- 36 „Hvorki úr kumli né frá landnámi“. Dagur, miðvikudaginn 30. júní 1993, bls. 1.
- 37 Frekari umfjöllun er að finna í framvinduskýrslu um kirkjurannsóknina, BSk 2009/91.
- 38 Guðný Zoëga 2008, bls. 61–62.

Heimildir

- Adolf Friðriksson (ritstj.) (2004). *Þinghald að fornu – fornleifarannsóknir 2003*. (Rannsóknarskýrslur Fornleifastofnunar Íslands FS233–02142). Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.
- Guðmundur Ólafsson (1984). Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1983, bls. 117–133.
- Guðný Zoëga (2008). Keldudalur í Hegranesi. Fornleifarannsóknir 2002–2007. *Skagfirðingabók. Rit Sögufélags Skagfirðinga* 2008, bls. 57–78. Reykjavík. Sögufélag Skagfirðinga.
- Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2009). *Skagfirska kirkjurannsóknin. Framvinduskýrsla um fornleifarannsóknir 2008*. (Rannsóknarskýrslur Byggyðasafns Skagfirðinga 2009/91). Sauðárkrúkur. Byggyðasafn Skagfirðinga.

- Guðný Zoëga (2010). *Skagfirska kirkjurannsóknin. Framvinduskýrsla 2009*. (Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2009/95). Sauðárkrókur. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Hjalti Pálsson (ritstj.) (2001). *Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi*. Sauðárkrókur. Sögufélag Skagfirðinga.
- Hjalti Pálsson (ritstj.) (2007). *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi*. Sauðárkrókur. Sögufélag Skagfirðinga.
- Íslensk fornrit I (1969). Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag.
- Íslensk fornrit VII (2001). Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag.
- Íslenskt fornbréfasafn II, 1253-1350 (1893). Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenskt fornbréfasafn III, 1269-1415 (1896). Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi) (1930). Kaupmannahöfn. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Katrín Gunnarsdóttir (2000): *Steinsstaðir í Skagafirði. Fornleifaskráning* (Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2000/4). Glaumbær. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Orri Vésteinsson (1998). *Fornleifarannsókn í Neðra Ási í Hjaltadal* (Rannsóknarskýrslur Fornleifastofnunar FS068-98173). Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.
- Sigurður Vigfússon (1892). Rannsóknarferð um Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur 1886. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 76-123. Reykjavík. Hið íslenska fornleifafélag.
- Sturlunga saga I (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík. Sturlunguútgáfan.
- Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II *Skagafjarðarsýsla*. (1954). Akureyri. Bókaútgáfan Norðri.

Dagblaðsgrein

Hvorki úr kumli né frá landnámi (1993, 30. júní). Dagur, bls. 1.

Óprentaðar heimildir

Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl (2000).

Summary

In recent years a number of large-scale archaeological and settlement research projects have taken place in the Skagafjörður area. The Skagafjörður Church Project began in 2007 on behalf of the Archaeological department of the Skagafjörður Heritage Museum. The Church project will utilize results from all of these different projects as well as conducting primary research on early church/cemetery sites dating to the 11th to 15th centuries. The Church project is, to some extent, a misnomer, as the main focus of the research is not necessarily church buildings, but rather the mapping of Christian burial grounds – a more easily detectable archaeological feature. The first phase is documentary research and surface surveying but once an area or structure is found which looks promising, test trenches will be used to establish whether they are cemeteries or not. The research aims to throw light on the first centuries of Christianity in Skagafjörður: early church organization, number and distribution of churches, burial customs, the size and nature of farms and households, the position of the sites geographically and on the nature and change in power structures, both ecclesiastical and secular.

Ten early cemetery sites have, in the last few years, come to light in the area. Extensive excavations have been carried out on two of those, one at Neðri-Ás in Hjaltadalur and the other in Keldudalur in Hegranes; and restricted excavations have been conducted on the rest of the sites. Nine of the ten cemeteries seem, largely, to have gone out of use in the 11th or early 12th centuries, one, however, was still in use in the 13th century. In some instances churches continue at the site after the cemetery is no longer being used for burials, often being given the status of “bænhús” or family chapel. This indicates a change in the organization of churches and burials, probably due to the introduction of parishes and parish churches.

The preliminary results of the research seem to indicate that the first phase of churches and cemeteries in Skagafjörður were built by individual farmers and that structured organization only started to take place late in the 11th century. Christian burial customs seem to have been adopted very early after the conversion around 1000 A.D. The earliest cemetery structures appear similar in nature, circular enclosures, often 17–20m across, most often situated next to the farmstead within the boundary walls of the home field.